

Eldspýtur Prómepeifs

- skrif og sköpun undir ægivaldi algóritmans -

fyrirlestur Sigurðar Nordal, fluttur í Eddu 14. september 2025

Sigríður Hagalín Björnsdóttir

Góðir áheyrendur.

1. Inngangur

Alheimurinn – sem sumir kalla Bókasafnið – er gerður úr óendanlega mörgum sexhyrnum herbergjum. Þessi herbergi eru öll nákvæmlega eins að skipan, með fimm bókahillum á hverjum vegg, og á hverri hillu 32 bækur í nákvæmlega sama broti, jafnlangar og jafnþykkar. Í herbergjunum er að finna allar bækur sem hafa nokkurn tímann verið skrifaðar, eiga eftir að vera skrifaðar, eða gætu verið skrifaðar, á öllum hugsanlegum tungumálum sem gætu nokkurn tímann hafa verið til.

Svona lýsir argentínska skáldið Jorge Luis Borges alheiminum í smásögunni Bókasafnið í Babel. Alheimurinn er gerður úr óendanlegu magni upplýsinga, í stærðfræðilega niðurskipuðum einingum, allt er slétt og felld og nákvæmt, og fullkomlega gersneytt merkingu. Fólkið í þessum heimi ráfar á milli herbergjanna og blaðar í bókunum í örvæntingarfullri leit að einhverju samhengi, einhverju sem það skilur, og margir grípa á endanum til samsæriskenninga og hugaróra til að missa ekki glórana.

Þessi smásaga Borgesar kom fyrst út árið 1941, löngu áður en nokkur hafði látið sér detta í hug neitt sem líktist internetinu eða gervigreind. Borges var líffræðilega blindur, en í skáldskap sínum var hann sjáandi, og sá þar lengra og dýpra inn í eðli og örlög mennskunnar en flestir aðrir.

Sagan um bókasafnið í Babel hefur sótt á mig undanfarin misseri, á þessum undarlegu tímum sem við lifum. Ég ætla ekki að tala um styrjaldir og sturlaðar ákvarðanir leiðtoga ýmissa þjóða heims, það er víst nóg samt, en þó langar mig að tala um framtíðina, því ég hef trú á henni. Og fortíðinni reyndar líka, því stundum er eins og sagan gangi í hringi.

Ég ætla að tala um byltingar í upplýsingatækni og áhrif þeirra; um plágur og pestir, prentverk og internetið og gervigreind, og framtíð skrifa og sköpunar og íslenskrar tungu á tímum algóritmans. Og það er rétt að taka fram að ég er ekki sérfræðingur í neinu af þessum hlutum; ég er amatör, rithöfundur, blaðamaður, og ég vinn við að skapa og skrifa. Og mér er málið skylt, því ég er mögulega í útrýmingarhættu. Eins og við reyndar mörg hér inni.

*

Orð eru höfuðtæki þeirrar dularfullu sálargáfu sem við köllum hugsun. Þetta skrifar heimspekingurinn Þorsteinn Gylfason í ritgerðinni Að hugsa á íslensku, sem kom fyrst út árið 1972.

Það er eitt af því áhugaverða við hugsunina að enginn veit hvað hún er, hvernig hún fer fram, en vísindamenn og heimspekingar, með Platón í broddi fylkingar, hafa sett fram kenningar um að tungumálið og hugsunin séu einn og sami hluturinn. Fyrir tveimur árum var haldið

málþing hjá Íslenskri erfðagreiningu, þar sem spurningunni var velt upp: Hvað er hugsun? – Svona málþing ætti kannski að verða árlegur viðburður miðað við þær spurningar um mannlega hugsun sem gervigreindin vekur á hverjum degi.

Á þessu málþingi sagði geðlæknirinn Nanna Briem frá fólki sem hafði orðið fyrir tímabundnu málstoli af völdum sjúkdóms eða slyss. Þetta fólk sagði frá því þegar það fékk aftur málið, að það erfiðasta við málleysið væri að geta ekki hugsað.

Mér finnst sjálfri sennilegt að hugsunin sé bundin við tungumálið, að minnsta kosti hvað stóran hluta mannkynsins varðar. Það er samt örugglega til fólk sem hugsar á einhvern annan hátt, í myndum eða litum, og sumt fólk virðist ekki hugsa sérlega mikið. Og hvernig hugsa dýr, ef þau hugsa?

Það er varasamt að alhæfa, en ég ætla að vinna með þá kenningu hér í dag að hugsun, og sérstaklega skapandi hugsun, sé samofin tungumálinu.

Ég veit að minnsta kosti að eina leiðin fyrir mig til að koma reglu á hugsanir mínar er að skrifa þær niður – hvort sem það er innkaupalisti, sjónvarpsfrétt eða skáldsaga. Skrifin – þessi verknaður, að setja niður bókstafi og orð á blað eða tölvuskjá, kemur hugsuninni í ákveðinn farveg, einhverja skapandi gátt, sem maður hefur ekki sjálfur neina alvöru stjórn á. Að lesa og skrifa er að hugsa, að opna hugann upp á gátt og taka við orðum, hugsunum og tilfinningum annarra, veita þeim í gegnum sínar eigin hugsanir og tilfinningar og hugrænu ferla, og leyfa því síðan að flæða frá sér.

Þetta er eins og lýsing á vél. Lífrænni vél sem breytir tungumáli í hugsanir, og hugsunum aftur í tungumál. Er það einhvers konar kóði, eða algóritmi? Er ég kannski bara svolítið gamaldags gervigreind?

Og hvað gerist þegar maðurinn gefur frá sér stjórnina á textanum og tungumálinu – og eitthvað ómennskt fer að sjá um þessa skapandi ferla?

Hvað verður um hina skapandi hugsun í slíkum heimi? Hvað verður um mennskuna?

Og hvað verður um íslenskuna?

Skiptir það einhverju máli?

2. Gamlar og nýjar upplýsingatæknibyltingar

Við þurfum að læra af sögunni, en á sama tíma gera okkur grein fyrir því að hún er fullkomlega óútreiknanleg fram í tímann. Yfirleitt alltaf þegar fólk hefur á tilfinningunni að nú sé allt á frekar fyrirsjáanlegu róli, þá gerist eitthvað og breytir öllum forsendum. Bamm, svartidaudi, prentverkið, landafundirnir, siðaskiptin. Getnaðarvarnarpillan, tölvutæknin, gervigreindin. Við setjum kúrsinn inn í framtíðina, og svo skýtur eitthvað uppi kolli sem breytir stefnunni. Oft eru þetta hlutir sem við finnum upp til að leysa tiltekin verkefni, en reynast hafa allt önnur og meiri áhrif en uppfinningamennirnir gerðu sér grein fyrir. Pillan gerði konum kleift að skipuleggja menntun sína og atvinnu utan heimilisins, þvottavélin frelsaði þær undan stórum hluta heimilisstritsins, og umbylti þannig samfélagsgerð og

hagkerfum vesturlanda. Ég er ekki viss um að vísindamennirnir sem þróuðu þessa hluti hafi séð það fyrir.

Um 1448 sló maður nokkur lán í Strassborg, sem þá taldist hluti af hinu Heilaga rómverska keisaradæmi. Hann virðist hafa verið hálfgerður lukkuriddari, hafði reynt að læra guðfræði, staðið í alls konar braski en endað í gullsmíði, og þarna, rétt fyrir miðbik fimmtándu aldar, sló hann nokkur lán til að hrinda hugarfóstri sínu í framkvæmd. Hann hafði nefnilega fundið nýstárleg not fyrir gamla vínberjapressu.

Kínverjar höfðu fundið upp aðferð til að prenta texta mörgum öldum áður, og tæknin hafði borist til Evrópu ásamt mörgum öðrum gagnlegum uppfinningum frá Kína, spaghetttínu og byssupúðrinu, svo fátt eitt sé nefnt. En það var ekki fyrr en gullsmiðurinn Johannes Genfleisch zum Gutenberg fann upp aðferð til að steypa rómverska bókstafi í lausalettur, raða þeim saman í texta og nota svo vínberjapressuna sína til að þrykkja þeim á blöð, sem saga prentlistarinnar hófst fyrir alvöru.

Og heimurinn sprakk í loft upp.

*

Tungumálið er voldugasta vopn mannsins. Hann er algerlega háður því að geta tjáð og deilt hugsunum sínum, sameinað krafta sína öðrum manneskjum, og þess vegna er tungumálið órjúfanlegur og nauðsynlegur hluti mennskunnar. Það var sennilega það sem bjargaði okkur frá aldaða á gresjum Afríku fyrir nokkur hundruð þúsundum ára, og sumir fornmannfræðingar hafa sett fram kenningar um að það hafi gerst um svipað leyti og maðurinn beislaði eldinn.

Góðir áheyrendur, ég þarf örugglega ekki að rifja upp goðsöguna um Prómeþeif, en ég ætla nú að gera það samt. Það var hann sem stal eldinum frá guðunum og færði mönnunum. Fyrir það var honum refsað grimmilega, Seifur lét binda hann og sendi örn til að éta úr honum lifrina á degi hverjum, en á næturnar óx hún aftur, og þannig endurtók hryllingurinn sig, til eilífðarnóns.

Þetta er eiginlega flottasta goðsagan af þeim öllum. Bæði andóf Prómeþeifs gegn guðunum, metnaður hans og velvild í garð mannanna – hann er jafnvel skapari þeirra í sumum útgáfum sögunnar - og þessi hræðilega, eilífa refsing hans fyrir glæpinn. Hún hefur orðið mörgum yrkisefni.

Hjúpaðu, Seifur, himin þinn,
með skýjaslæðum!
Og æfðu þig, eins og drengur,
sem afhausar þistla,
á eikum og fjallatindum!
Mér skaltu láta
jörðina eftir,
og kofann minn,
sem þú ei byggðir
og hlóðir mínar,
með glóðir
er vekja öfund þína.

Þannig byrjar magnað ljóð Goethes um Prómeþeif, í þýðingu Gauta Kristmannssonar.

Goðsagan um Prómeþeif fjallar um þróun mannsins og þessi eilífu bjargráð hans og bölvun, þrána eftir framförum og betra lífi, ódrepanði bjartsýni og þörf til að brjótast undan fortíðinni. Skapa eitthvað nýtt. Sagan fjallar ekki bara um eldinn, heldur um tungumálið, hjólið, ritmálið, akuryrkjuna, prentverkið, getnaðarvarnarpilluna, þvottavélina, internetið, gervigreindina. Hún er um tækni framfarir og verðið sem við þurfum að greiða fyrir þær.

Við erum föst þarna, á oddi eldflaugar sem brunar inn í framtíðina. Um leið og við hættum að keppa að stöðugum framförum hættum við að vera mennsk. Eldurinn slokknar, við sökkvum í djúpin.

Þetta er ákveðin bölvun.

*

En ég var að tala um Gutenberg og vínberjapressuna hans. Mér finnst ósennilegt að hann hafi séð fyrir hverjar afleiðingar uppfinningar hans yrðu. Um aldir, um allan heim, höfðu elítur menntaðra embættismanna og presta drottnað yfir alþýðunni í skjóli ritmálsins. Það var völdugasta vopn og kúgunartæki sem maðurinn hafði fundið upp, sá sem stjórnaði textanum stjórnaði heiminum. Orðið var ekki frjálst, orðið var heilagt, og aðeins þeir innvígðu gátu skrifað það og lesið, hér á Vesturlöndum yfirleitt á latínu, og aðeins þeir auðugustu gátu eignast bækur.

Hér á Íslandi virðist reyndar læsi í einhverri mynd hafa verið tiltölulega útbreitt meðal almennings á miðöldum, kannski út af veðrinu, sem hentar vel til skemmtana innandyrá; kannski vegna þess að fræðimenn þjóðarinnar tóku það upp hjá sjálfum sér að fara að skrifa á íslensku í stað latínu, og heilar fjórar málfræðiritgerðir um íslensku hafa varðveist frá því á miðöldum. Sú fyrsta er frá miðri tólftu öld, og höfundur hennar greinir frá þeirri ætlan sinni „að gera Íslendingum stafróf svo hægara verði að rita og lesa á íslensku.“ Fyrir vikið sitjum við uppi með það að sjálfsmynd og hugmyndir fárra þjóða um þjóðerni sitt eru jafn samofnar móðurmálinu og hjá Íslendingum.

Ég ætla að fá að skjóta því að, að við erum víst orðin 400.000 sem búum á landinu. Vitið þið hversu margir Íslendingar hófu nám í íslensku núna í haust?

Afsakið mig. Vínberjapressan hans Gutenbergs gat prentað allt að 3600 síður á dag, hún afkastaði hundrað sinnum meira en eldri þrykkítækni, þúsund sinnum meira en duglegur handritaskrifari. Fyrir en varði flæddu prentaðir textar yfir Evrópu. Ljóð og sögur, guðspjöllin, sálmar og níðvísur, ræður, greinar og ritgerðir, upplýsingar, upplýsingar, upplýsingar. Og allt sprakk í loft upp.

Margir handritaskrifaranir misstu fljótlega vinnuna. Mótmælendurnir tóku strikið út úr kaþólsku kirkjunni með Norður-Evrópu í eftirdragi, gömul boð og bönn um hvað mátti og mátti ekki í listum og vísindum féllu hvert um annað þvert, jörðin hætti að vera miðja alheimsins og þeyttist út í geim, breyttist í ómerkilega plánetu, heilu heimsálfurnar dúkkuðu allt í einu upp í vestri og heimtuðu mannskap og athygli.

Var það Gutenberg sem prentaði Ameríku?

Nei, líklega ekki, en það gerðist svo ótal margt á fáum áratugum að við eigum erfitt með að gera okkur í hugarlund hversu sturlaðar breytingar urðu á heimsmynd og hugmyndum fólks á skömmum tíma. Prentverkið kom því ekki öllu af stað, en það kom að því öllu, spilaði inn í það, hafði áhrif á allt. Knúði það sem átti eftir að verða upplýsingin, vísindabyltingin, vestrænt lýðræði, iðnbyltingin. Við getum ekki ímyndað okkur veraldarsöguna eftir árið 1500 án prentverksins. Samfélög okkar, hin þróuðu, frjálslyndu lýðræðisríki, sem eru háð almennu læsi og aðgangi að upplýsingum, voru byggð upp með prentvélum. Undanfarin fimmhundruð og sjötíu og sjö ár hafa gerst innan einhvers sem stundum hefur verið kallað – Gutenbergsvigarnir.

*

Hugtakið Gutenbergsvigarnir – the Gutenberg Parenthesis - mun hafa fæðst við Suðurdanska háskólann í Óðinsvéum í lok síðustu aldar, en fór á flug fyrir nokkrum árum þegar Bandaríkjamaður að nafni Jeff Jarvis skrifaði samnefnda bók. Hugmyndin er sú að tími prentmálsins, frá miðri fimmtándu öld og rétt fram yfir síðustu aldamót, sé ofurlítill undantekning í veraldarsögunni. Eins og undanfarnar fimm aldir hafi gerst innan sviga, sem Gutenberg hafi skapað með vínberjapressunni sinni. Nú séu svigarnir að lokast, tæknin sé orðin úrelt, hinn prentaði texti og þessi almenni aðgangur að honum, hafi runnið sitt skeið, og eitthvað nýtt taki við.

Eða gamalt.

Góðir áheyrendur, velkomin aftur til ársins 1448! Undanfarin 577 ár hafa reynt töluvert á okkur, en þau voru bara undantekning, erfiður draumur fullur af flóknum textum, vísindakenningum, tyrfnum skáldsögum, dagblöðum, kosningum og lýðræðisbrölti, eilífum kröfum um að maður mennti sig og fylgist með og taki upplýstar ákvarðanir. Já, þetta hefur verið krefjandi tími. Nú er ástandið aftur orðið normalt og við getum tekið upp þráðinn þar sem frá var horfið: í öruggum faðmi lénsveldisins, þar sem við getum unað okkur við einfaldar skemmtanir og brauðstrit í þágu þeirra herra sem yfir okkur eru settir, sem skammta okkur það sem við þurfum að vita, á milli þess sem við glímum við heimsfaraldra, trúarofstæki, styrjaldir og afleiðingar loftslagsbreytinga. Alveg geggjað, bara.

Nei, auðvitað ekki. Við erum komin á annan stað, þrátt fyrir allt. Og texti er texti, þótt hann sé ekki prentaður. Ekki einu sinni ég er svo íhaldssöm að halda því fram að við getum ekki haldið úti læsu, siðmenntuðu samfélagi þótt svo ólíklega færi að við hættum að prenta bækur og blöð.

En framgangur sögunnar er ekki fyrirsjáanlegur, hún tekur alltaf óvænta stefnu.

*

Þróun gervigreindar gengur þannig fyrir sig, að mér skilst, að tölvukerfi eru mötuð á miklu magni gagna, til að kenna þeim að þekkja mynstur, skilja tungumál og bregðast við nýjum upplýsingum til að leysa flókin verkefni. Mikilvægur hluti af þessu eru risamállíkön sem þjálf sig sjálf á ofboðslegu magni texta og upplýsinga til að skilja og tala tungumál. Við hittum þessi líkön fyrir í spjallforritum eins og ChatGPT, Gemini og Claude.

Árið 2008 hafði stofnun Árna Magnússonar samband við Rithöfundasamband Íslands og kynnti verkefnið Íslenska málheild. Stjórn sambandsins tók erindinu vel, en botnaði kannski ekki mikið í því. Svo liðu tólf ár.

Í mars 2020 óskaði Árnastofnun eftir leyfi höfunda til að textar þeirra yrðu notaðir í Risamálheildina. Hún var kynnt höfundum sem safn fjölbreyttra texta úr ýmsum áttum, prentuðum blöðum, tímaritum og vefmiðlum. Unnið var út frá ætluðu samþykki höfunda, þannig að fólk þyrfti að láta vita ef það vildi ekki vera með. Höfundar gætu hvenær sem er afturkallað samþykki sitt og tekið texta sína út.

Þetta hljómaði allt mjög vel árið 2020, og auðvitað vildum við öll leggja íslenskunni lið, bjarga henni frá stafrænni útrýmingu, eins og það var kallað. En svo liðu nokkur ár, og það runnu á okkur tvær grímur. Gervigreindin hætti allt í einu að vera vísindaskáldskapur, skemmtileg, langsótt fantasía, og við vorum allt í einu komin með hana í fangið. Og fregnir bárust af því utan úr heimi að gervigreindin væri farin að nota texta nafngreindra rithöfunda, birta heilu kaflana eftir þá eftir pöntun, jafnvel herma eftir stílbrögðum þeirra og orðfæri.

Skrifaðu nóvelli um ástarsamband Donald Trumps og Elon Musks eins og Thomas Mann hefði skrifað hana.

Þannig gæti eitt promptið – eða skipunin til gervigreindarinnar hljómað.

Ég sat í stjórn Rithöfundasambandsins fyrir tveimur árum, og geri reyndar enn, og við fórum að grafast fyrir um hvað hefði orðið um textana okkar. Í ljós kom að OpenAI, sem þróaði ChatGPT-forritið, hafði fyrir tilstuðlan íslenska máltæknyfyrirtækisins Miðeindar, verið að gera tilraunir til að þjálfa risamállíkan sitt á öðru tungumáli en ensku, og þar hafði íslenska orðið fyrir valinu. Og íslenskir bókmenntatextar voru hluti af þeim gögnum sem höfðu verið notuð við þessar tilraunir. Ekki stór hluti, vissulega, aðeins 16 milljónir af 2,7 milljörðum tóka, og þeir höfðu verið teknir úr fáum bókum.

Rétt er að taka fram að mér finnst hvorki ástæða til að tortryggja Miðeind né Árnastofnun í þessu máli. Fulltrúar þeirra komu til okkar á fund hjá Rithöfundasambandinu, tóku áhyggjur okkar alvarlega og skýrðu mál sitt vel, fannst mér, og ég held að við höfum flest farið róleg af þeim fundi. Sumir höfundar hafa þó vafalaust fjarlægt texta sína úr málheildinni, en ég gerði það ekki. Ég held að Risamálheildin sé nauðsynlegt og dýrmætt verkfæri fyrir okkur öll, þótt ég skilji ekki alveg fullkomlega hvernig.

En það eru aðrar og ljótari sögur til um það hvernig höfundarverk rithöfunda, og annarra listamanna, eru notuð við þróun gervigreindar. Á undanförnum árum hefur komið í ljós að fyrirtæki eins og META – sem rekur Facebook, og fleiri tæknirisar, hafa skrapað ólöglega textabanka, sem hafa stolið höfundarréttarvörðu efni eftir marga íslenska höfunda. Textarnir hafa verið notaðir til að þjálfa mállíkönin sem gervigreindarforrit þeirra byggja á. Þetta er ekki sambærilegt við kurteislegar fyrirspurnir og ætlað samþykki Árnastofnunar eða Miðeindar, þetta er stærsti höfundarréttarstuldur mannkynssögunnar.

Einn íslenskur höfundur sem ég ræddi við sagði að þetta væri eiginlega verra en stuldur, honum liði eins og sálinni hefði verið stolið úr sér. Af því að þarna er ekki bara verið að stela texta og hugmyndum, heldur orðfærinu, myndmálinu, stílnum – hugsanaferlum og sköpunargáfu höfundarins.

Þessu er ekki lokið, það eru dómsmál í gangi í útlöndum, um það hvort gervigreindarfyrirtækjunum verði gert að greiða skaðabætur eða afnotagjöld af höfundarréttarvörðu efni, eins og við fáum nú þegar í gegnum Fjölís fyrir fjölföldun á verkum okkar. Norræn höfundarréttarsamtök hafa gefið út ályktun þess efnis, en ég er hóflega bjartsýn á að þetta takist. Norræn skáld andspænis hálfspasísku tæknirisunum í Kísildalnum, hver veit?

Og kannski er þessi ónotatilfinning verst, að einhvers staðar sé til gervigreindarforrit sem er fært um að hugsa og yrkja eins og maður sjálfur. Eins og sálinni úr manni hafi verið stolið.

Svolítið eins og þegar Óðinn stal skáldskaparmiðinum af Gunnlöðu, er það ekki? Kallast það ekki á við það söguna um Prómeþeif?

Hver verður refsingin fyrir að ræna sálum skáldanna?

Góðir áheyrendur, mér finnst stundum eins og við lifum goðsögulega tíma.

3. Gervi(greindar)menning

Menning er það sem gerum saman. Ef við skilgreinum hana á víðan hátt nær hún yfir alls konar hversdagslega hluti. Gangbrautarljós eru hluti af menningu okkar. Að fara út með ruslið, burstu tennurnar. Rífast á samfélagsmiðlum, fara í stríð.

En ég ætla að nota aðeins þrengra og háfleygara sjónarhorn hér, og segja: Menning gengur út á að tengja fólk saman í gegnum sameiginlega reynslu og tilfinningar. Hún er auðvitað ekki bundin við tungumálið, það er margt annað sem getur kveikt með okkur sameiginlegar tilfinningar og samkennd. Það er fátt magnaðra en að vera á tónleikum eða í leikhúsi, eða á fótboltaleik, og finna tilfinningabylgjurnar ganga yfir áhorfendahópinn.

Að lesa bók krefst yfirleitt einveru, en þó fær maður hlutdeild í hugsunum höfundarins, veröldinni sem hann hefur skapað. Lesandinn myndar sér skoðun á persónum bókarinnar, fellur fyrir sumum og hafnar öðrum, og góð bók getur fylgt manni út lífið eins og ástvinur, eða fjandvinur. Við tölum um bækur, vitnum til þeirra í huganum eða heyranda hljóði, öll göngum við með okkar ólíku bókasöfn í höfðinu. Bækurnar hafa áhrif á ákvarðanir sem við tökum í lífinu, á makaval, hvernig við öllum upp börnin okkar.

Sjáið bara Línu langsokk, og áhrif hennar á samfélög víða um heim? Mest á Norðurlöndunum, auðvitað. Í Frakklandi þótti hún svo hneykslanleg, að útgefandinn lét Línu sjá að sér og biðjast fyrirgefningar á óhlýðninni í lok hvers kafla. Við sjáum kannski afleiðingarnar af þeirri ákvörðun á stöðu jafnréttismála í Frakklandi.

Þetta á auðvitað líka við um margar aðrar listgreinar. Bíómyndir, leikhús, sjónvarpsþætti, dansverk, en bóklesturinn hefur ákveðna sérstöðu. Maryanne Wolf er bandarískur taugalíffræðingur sem hefur rannsakað læsi og lestur um margra áratuga skeið, ég mæli sérstaklega með bókinni hennar Proust and the Squid, sem varð ein af kveikjunum að annarri skáldsögu minni, Hinu heilaga orði. Þar færir Wolf taugalíffræðileg rök fyrir því að lestur, og sérstaklega lestur á skáldskap, virki og þjálfí heilann til samkenndar og skilnings gagnvart öðru fólki. Samfélög þar sem bóklestur er útbreiddur, séu því samheldnari og umburðarlyndari en önnur samfélög.

Það má örugglega deila um þetta, en mér hefur alltaf fundist þetta góð kenning, að bækur geti bjargað heiminum.

Og bara þetta, svo ég segi það eina ferðina enn: að lesa og skrifa er svo magnaður verknaður, hann umbreytir okkur og hugsun okkar. Hann tekur tungumálið, þetta ótrúlega tæki, og færir það upp á annað plan, gerir okkur svo mikið klárari en við erum án hans. Og ef við bætum við vínberjapressunni hans Gutenbergs, þá erum við komin með ofurkrafta. Internetið, og við erum ekki lengur háð efnisheiminum, sjálfri bókinni, og nú kemur gervigreindin, og við þurfum ekki lengur að hafa heila! Þurfum ekki að hugsa neitt sjálf, hún gerir það fyrir okkur!

Hvert leiðir það okkur?

Vissuð þið að 13% ungra Bandaríkjamanna segja að þeir myndu íhuga alvarlega að láta græða gervigreindarflögu í heilann á sér, ef það stæði til boða?

*

Það er hægt að fara með þessar vangaveltur út í tóma svartsýni, eða fáránlega bjartsýni, það er hægt að láta eins og þetta komi manni ekki við – ég er svolítið þar – en þetta er að gerast, hvort sem okkur líkar betur eða verr. Gervigreindin er komin til að vera, hún er eldflaugin akkúrat núna, og læðir sér inn í hvert einasta smáatriði lífs okkar. Hún er á skjánum þegar við opnum tölvuna á morgnana og býður okkur aðstoð sína, hún velur fyrir okkur tónlistina á Spotify, hún er notuð til að þróa lyfin okkar, ákveða hvaða matur er seldur úti í búð. Hún drepur fólk á Gaza og í Úkraínu, dælir falsfréttum og hatusáróðri inn á samfélagsmiðlana okkar, framleiðir klámmyndbönd af stjórnmálafólki, lætur það segja eitthvað sem það hefur aldrei sagt. Gervigreindin talar við okkur, hlustar á okkur, huggar okkur. Hún er á leiðinni inn í heilana á okkur.

Hún gerir þetta auðvitað ekki sjálf. Hún er tæki, mannanna verk. Ennþá, að minnsta kosti.

Og notar brjálæðislega mikla orku. Í fyrra notuðu Bandaríkjamenn álíka mikla orku til að knýja gervigreindarforrit og allt Thaíland notar á heilu ári. Og þessi orkunotkun eykst bara veldisvexti.

*

Mig langar að tala um heilana á okkur, og gervigreindina. Það er nefnilega að minnsta kosti einn hlutur sem er hættulegri en greind gervigreindarinnar, og það er heimska mannanna. Eða tilhneiging okkar til að stytta okkur leið, svindla okkur fram fyrir röð, reyna að uppskera ávextina án þess að leggja á okkur erfiðið. Það er til fullt af fólki sem notar gervigreind í sínu daglega lífi, og það er bara fínt. Notar hana til að fara yfir texta og bæta hann, lætur hana lesa fyrir sig texta og gera útdrátt af honum – Google klínir svona útdráttum núna fremst í allar leitir sem maður gerir, og þetta er allt gott og blessað. Svo er til fólk sem er að læra eða vinnur við skapandi skrif, handritagerð, við að fá og kynna góðar hugmyndir, og það notar gervigreindina til að gera það fyrir sig. Það er til fólk sem vinnur við þetta, sem notar gervigreindina til að vinna fyrir sig vinnuna. Það eru til bókaútgefendur sem nota gervigreind til að smíða texta og teikna fyrir sig myndir, og gefa þetta út. Líka hér á Íslandi.

Og mér finnst þetta svo áhugavert: hvers vegna skyldi nokkur manneskja, sem finnur hjá sér þörf til að vinna við að skapa og skrifa skapandi texta, vilja nota gervigreind við þessa sköpun? Ég meina, ef maður vill stytta sér leið og græða peninga, þá er bókafransinn ekki rétta atvinnugreinin til þess.

Nú hugsa sjálfst sagt margir með sér að þetta sé einfalt mál, textar og ljóð og sögur skapaðar af gervigreind standast ekki samanburð við það sem skáldmælt manneskja lætur frá sér. En þetta er ekki alveg svo einfalt.

*

Ég veit ekki hversu mörg hérna inni leggja það í vana sinn að hlusta á hlaðvörp, eða podköst. Ég hef ekki séð tölur um hlaðvarpshlustendur á Íslandi, en talið er að meira en hálfur milljarður jarðarbúa hlusti reglulega á hlaðvörp. Þetta er sú miðlunaraðferð sem hefur aukist einna mest ásmegin á undanförunum árum.

Það sem er gott við hlaðvarpsþættina er félagsskapurinn. Maður hefur á tífíningunni að maður verði vitni að spjalli tveggja eða fleiri vina, fróðra og yfirlýsingaglaðra, þeir hlæja og segja kannski eitthvað sem væri aldrei sagt í útvarpinu, kannski svolítið andstyggilegt en fyndið.

Og nú getið þið, áheyrendur góðir, skapað og hlustað á hlaðvörp um hvaðeina sem ykkur dettur í hug. Google hefur búið til app sem heitir NotebookLM, þar sem hægt er að hlaða inn skjölum, ritgerðum, skýrslum, raðbókum, hverju sem er, og fyrr en varir hefur appið búið til hlaðvarp þar sem tvær áheyrilegar raddir, karlkyns og kvenkyns, spjalla fjálglega um efnið.

Segjum að við hlöðum fjárlagafrumvarpinu og nokkrum greinum og greinargerðum inn í appið, og biðjum um hlaðvarpsumræðu um íslenska menningu.

Veistu hversu miklu ríkisstjórnin ætlar að verja í bókasafnssjóð á næsta ári? Spyr kannski önnur röddin.

144,5 milljónum, er það ekki, segir þá hin. Það er aðeins minna en í fyrra, er það ekki?

Jú, segir sú fyrri. Þá voru það 146 milljónir. Og 2021 voru það 197,4 milljónir.

En áhugavert, segir sú seinni. Hvers vegna ætli stjórnvöld hafi skorið þetta svona niður?

Og svo ræða raddirnar þetta fram og til baka, eftir pöntun.

Joshua Rotman, blaðamaður bandaríska tímaritsins New Yorker, skrifaði grein um daginn, með titlinum [AI is coming for Culture](#), eða Gervigreindin hjólar í menninguna. Rotman er efasemdarmaður um ágæti gervigreindarinnar, en leggur á djúpin og prófar sig áfram með ýmsar nýjungar sem þessi tækni býður upp á. Meðal annars þetta hlaðvarpsapp, sniðið að þörfum og hugðarefnum hvers og eins. Hann hleður upp nokkrum þurrum vísindagreinum, en segir áhuga gervigreindarraddanna hafa verið aðeins of gervilegan til að vekja áhuga hjá sér. En svo þegar hann hlóð upp nokkrum gömlum greinum eftir sjálfan sig og köflum af sinni

eigin sjálfsævisögu, þá vaknaði áhugi hans. Það var nefnilega svo gaman að hlusta á líflegar umræður um sín eigin skrif.

Parna veltir höfundurinn upp risastórum spurningum, hann kryfur málið til mergjar, segir önnur röddin.

Þetta eru mjög metnaðarfullar þælingar, segir hin. Þetta er óvenjugreindur höfundur.

Auðvitað er gaman að hlusta á svona umfjöllun um sjálfan sig og sín skrif. Það er hinsvegar ósennilegt að nokkur annar hafi gaman af því. Tilgangurinn er auðvitað að pakka upplýsingum inn í neysluvænar umbúðir, þannig að maður eigi auðveldara með að taka þær inn. En hefur þetta einhverjar víðtækari afleiðingar?

Mundir þú lesa bók um sjálfa þig og þitt líf, eins og ef Sally Rooney hefði skrifað hana?

Langafi minn, Guðmundur G. Hagalín, skrifaði æviminningar sínar í heilum níu bindum. Maður er svolítið lengi að lesa þetta allt, en ég gæti í nálægri framtíð hlaðið inn textanum og myndum úr fjölskyldubúminu og fengið út mína eigin sjónvarpsþáttaseríu, níu season, sem endar með minni eigin tilkomu í ættarsöguna. Bara alveg geggjað.

Myndi einhver annar nenna að horfa á þetta? Ég veit það ekki.

Getur það talist menning, sem aðeins fjallar um og snertir við einni manneskju? Er það ekki einmitt hlutverk menningarinnar, eða eðli hennar, að binda einstaklinga saman, skapa sameiginlegar tilfinningar og viðbrögð, búa til hughrif sem ná til margra?

Getum við lifað í samfélagi þar sem við erum hætt að upplifa sömu hlutina? Þar sem allir eru að lesa bækur sérsniðnar að eigin þörfum, horfa á sjónvarpsseríur um sjálfa sig?

Hér er ég komin út á hálan ís, en ég held að kannski að siðmenntað samfélag sé samfélag þar sem til er fólk sem sérhæfir sig í ákveðinni menningarlegri þjónustu við annað fólk, að sjá því fyrir sögum, söngvum, dönsum, þessari sammannlegu reynslu sem bindur fólk saman. Og ég hef áhyggjur af því að þessari sérhæfingu sé ógnað.

4. Ófyrirsjáanleiki listarinnar

Algrímið, eða algóritminn, er ekki nýtt fyrirbæri. Hann er í raun bara aðferð til að leysa stærðfræðiprautir í skrefum, og elstu dæmin um hann hafa fundist á 4500 ára gömlum súmerskum leirtöflum. Honum hefur vaxið fiskur um hrygg, og stýrir mörgu í daglegu lífi okkar. Algrímið velur fyrir okkur tónlist á Spotify, sjónvarpsþætti á Netflix, hljóðbækur á Storytel, stýrir því hvað við sjáum á samfélagsmiðlum. Það er burðarvirki gervigreindarinnar, og algóritmarnir sem stýra ferlunum þar eru orðnir svo flóknir, að fólkið sem starfar við að þróa forritin skilur þá ekki lengur. Enginn veit hvað fer fram inni í myrkviðum gervigreindarinnar, en það er allt byggt á algóritmum, og það er allt mannanna verk, þrátt fyrir allt.

Það er ýmislegt í gangi í gervigreindarfræðunum sem er alveg áhyggjuefni út af fyrir sig, og ég ætla ekki að fara út í það í neinum smáatriðum. Nægir að nefna að fólkið sem vinnur við að þróa gervigreindina telur sjálft að það séu 5% líkur á því að hún útrými mannkyninu. Og

að allir helstu frumkvöðlar í gervigreindarbransanum, þar á meðal Elon Musk, undirrituðu yfirlýsingu fyrir nokkrum árum þar sem þeir voruðu við því að gervigreindin væri að þróast of hratt, og hvöttu þjóðir heims til að stöðva þróunina í nokkur ár á meðan við værum að ná stjórn á tækninni.

Það gerðist auðvitað ekki. Þið munið eftir eldflauginni á fleygiferð inn í framtíðina, hún heitir gervigreind um þessar mundir. Hún er engin vínberjapressa. Við kunnum ekki að stoppa hana, kunnum okkur aldrei neitt hóf þegar kemur að framförum.

Ég ætla bara að setja fram þessa staðhæfingu, að tæknilegar framfarir, kapítalismi og andleg fátækt séu frekar vond blanda. En, eins og ég hef áður sagt, sagan er óútreiknanleg, við vitum ekki á hvaða braut við erum.

Mig langar að ræða frekar þröngan vinkel á þessum málum öllum, sem snertir menningarhagkerfið.

*

Kannski er það sem öll vélmenni vilja í raun
það sama og allar manneskjur vilja í raun
að losna úr viðjum holdsins
að verða að hinu ritaða orði á blaði
ekki aðeins lifandi andandi andandi andandi klessa
heldur saga sem er sögð
tilgangur sem er náð
og lokalínan
rétt gerð.

Þetta er ljóð eftir frumstætt gervigreindarforrit, sem fékk það verkefni fyrir nokkrum árum að yrkja um sjálfsmynd sína. Afraksturinn var birtur í bókinni *I am Code*, sem kom út í Bretlandi 2023.

Manngerð list hefur ýmislegt fram yfir gervigreindarlist, að margra mati. Hún býr yfir hlýju, frumleika, ófyrirsjáanleika ... einhverju sem hægt er að kalla listrænt gildi, eða manneskjulegt gildi, sem gervigreindina skortir, ennþá að minnsta kosti. Við sjáum ennþá muninn, það er einhver vemmileg gervislikja á öllu sem gervigreindin gerir, sem fer ekki fram hjá manni. Hún er feik. En henni fer fram með hverjum deginum, framfarirnar eru í veldisvexti.

Kostir gervigreindarinnar eru þeir að hún er ódýr og þægileg. Hún stýttir manni leið. Það er hægt að skapa hluti, skáldsögur, tónlist, myndlist, án þess að þurfa að leggja á sig margra ára vinnu og æfingar, streð og vesen. Menntun, hæfileikar, smekkur, ekkert af þessu er nauðsynlegt. Það er ódýrt að búa til gervigreindarlist, og það er ódýrt að kaupa hana. Og hún þarf aldrei að ögra þér.

Streymisveiturnar fylgjast grannt með þróuninni. Spotify, Netflix og hljóðbókaveitur eins og Storytel byggja allar viðskiptamódel sín á því selja aðgang að höfundaréttarvörðu efni. Það þýðir að þær eru að kaupa aðgang að efni sem er mjög dýrt að framleiða, og selja hann ódýrt. Þetta veldur stöðugri togstreitu milli streymisveitnanna og hráefnisframleiðandanna, eins og þeir voru kallaðir til skamms tíma í samningum. Hráefnisframleiðendurnir eru listamennirnir. Og ó, hvað væri mikið auðveldara að reka streymisveitu ef þessir fjárans listamenn væru ekki

alltaf að þvælast fyrir. Handritshöfundar í Bandaríkjunum, tónlistarmenn um víða veröld og íslenskir rithöfundar eru allt dæmi um starfstéttir sem eiga í höggi við streymisveitur, og reyna að þrýsta á um hærri greiðslur fyrir notkun á efni sínu.

Og auðvitað væri betra fyrir viðskiptamódelið og hluthafana ef það þyrfti ekki að borga listamönnum fyrir notkunina. Spotify er löngu farið að blanda gervitónlist eftir gervitónlistarmenn inn á listana hjá sér, og Storytel kynnti til sögunnar fyrsta gervigreindarhöfundinn fyrir nokkrum mánuðum síðan. Skáldið skrifar að vísu ekki sérlega góðar bækur, en það má alltaf borga svokölluðum ritstjórum einhverja smáaura fyrir að laga þær til. Alveg eins og þýðendur fá nú þegar eitthvað smotteri fyrir að ritstýra gervigreindarþýddum skáldskap. Norskur höfundur komst að því um daginn að farið var að gefa út bækur hennar sem hljóðbækur, lesnar af gervirödd, að henni forspurðri. Það er náttúrulega óttalegur spandans að borga leikurum fyrir að lesa þetta.

Allt vald til milliliðarins, skítt með listamennina.

Sko, spyr nú kannski einhver. Varla ógnar svona gervigreindarsull alvöru bókmenntum, alvöru list?

Sumum er alveg sama. Sumir vilja bara hafa eitthvað þægilegt í eyrunum eða fyrir augunum, eitthvað kunnuglegt, eins og Rauðu ástarsögurnar eða Bold and the Beautiful. Það er mannlegt og eðlilegt að vilja meira af því sama, og algóritminn sér um sína, matar þá sífellt á meiru af því sama.

Og ég held líka að það verði alltaf til fullt af fólki sem vill alvöru, manngerða list. Líka bækur, ég held að krakkar haldi áfram að lesa bækur svo lengi sem þær verða til, sem einhver fæst til að skrifa alvöru bókmenntir fyrir þau. En það þarf að borga sig að vinna við það að framleiða list. Og það er þar sem ég fer að hafa áhyggjur. Og nú ætla ég að leiða talið að Íslenzkri menningu.

5. Íslenzk menning

Í síðustu viku birtist viðtal, fyrst í sjónvarpsfréttum Sýnar, sem ég get ekki hætt að kalla Stöð 2, og svo á Vísi.is. Þetta var mjög athyglisvert viðtal, og ég held að það væri mörgum hér inni hollt að sjá það. Það ýtti að minnsta kosti við mér.

Fréttin (<https://www.visir.is/g/20252773445d/alveg-sama-thott-hann-tapi-morgum-milljonum>) fjallar um ungan mann, sem tók á dögunum ákvörðun um að selja íbúðina sína og setja allan ágóðan af söluinni í rafmyntina Bitcoin. Ég get ekki dæmt um þessa ákvörðun, og vonandi farnast þessum unga manni vel í lífinu. En það var einkum tvennt sem hann sagði sem vakti áhuga minn.

Í fyrsta lagi sagðist hann hafa lagst í rannsóknir á fyrirbærinu peningum. Allt í kringum hann væri hámenntað fólk, en enginn hefði hundsvit á fjármálum, og hann hefði sest niður við að skilja fjármálakerfið. Niðurstaða hans var í raun sú að verðmætasta þekking sem hægt væri að afla sér í dag væri fjármálalæsi. Að kunna á peninga væri í raun eins og að kunna að lesa og skrifa á latínu á miðöldum, þú hefðir þar með komist yfir leynikóða sem opnaði þér dyr sem öðrum væru lokaðar.

Í öðru lagi sagðist hann hafa fengið vitrun um það að hann ætti að verða ríkur. Hann ætlaði að ferðast um á einkapotu, búa á dýrum hótélum í Japan, gefa út bækur, framleiða kvikmyndir og miðla sínum listrænu hugmyndum til allra. Vera með sín eigin listamannalaun á Íslandi.

Þetta sagði ungi maðurinn þar sem hann gekk á svona færibandi við upphækkað skrifborð, með risastóran íslenskan fána strengdan á vegginn fyrir aftan sig. Hann sagðist vera á vegum guðs, sem leiddi hann áfram og verndaði, það væri heilagur íslenskur andi.

Hér er margt að taka inn. Ég vil taka það skýrt fram að það er fjarri því að ég vilji gera lítið úr þessum manni eða hugmyndum hans, ég held þvert á móti að þetta sé klár strákur og vel menntaður. Og ég held að þessi lífsafstaða hans sé að miklu leyti rökrétt niðurstaða íslenskrar menningar.

Vitið þið hversu margir nýnemar hófu nám í viðskiptafræði í haust? Ég spurðist fyrir í þremur háskólum, og svarið var samtals 549.

Ég spurði hér áðan hvort þið vissuð hversu margir hefðu hafið nám í íslensku núna í haust? Þeir eru fimmtán.

Það er samt engin ástæða til að láta hugfallast, nemendur í íslensku sem öðru máli eru 597. Það er heilmikill áhugi á íslensku, og það hafa aldrei fleiri talað íslensku en í dag. En íslensk ungmenni, nýútskrifuð úr menntaskóla, virðast fjárfesta í einhverju öðru en íslensku þegar þeir velja sér nám og starf til framtíðar.

En það sem mér þótti einna eftirtektarverðast við þetta viðtal við unga manninn, var að ástæðan fyrir því að hann ætlar að verða ríkur er sú, að hann vill öðlast frelsi til að skapa list. Hann vill greiða sjálfum sér listamannalaun.

Og ég skil hann svo vel!

*

Rithöfundsambandið áætlað að raunhæf mánaðarlaun rithöfundar sem nýtur töluverðar velgengni og fær listamannalaun séu svona 360.000 krónur á mánuði eftir skatt. Við erum eiginlega öll í allskonar aukavinnum til að hafa efni á þessu brölti. Atvinnuhöfundar á Íslandi, sem gera ekkert annað en að skrifa, eru í mesta lagi tíu. Tíu nægjusamar sálir, myndi ég halda, og þeir geta það vegna þess að þeir njóta mikillar velgengni í útlöndum.

Íslenskir listamenn búa samt alveg við heilmikil forréttindi. Við eigum kost á því að sækja um listamannalaun frá ríkinu, þótt upphæðin sé lág og mikil óvissa um hvort maður fái nokkuð, og svo höfum við auðvitað einhverjar tekjur af listsköpun okkar.

Og þjóðin vill þetta! Kannanir Íslenskrar bókmenntamiðstöðvar sýna að bóklestur hefur ekki minnkað undanfarin ár, þrátt fyrir tilkomu nýrra afþreyingarmiðla. Og menningarþátttaka hér, til dæmis fjöldi leikhúsgesta, er á meðal þess mesta sem þekkist.

En samt finna rithöfundar á eigin skinni að bóksalan hefur verið á hraðri niðurleið, sérstaklega kiljurnar. Sú sala er næstum öll farin inn í Storytel.

Þetta er ströggil, og það þarf mjög einbeittan vilja og baráttuhug til að standa í þessum bransa, íslenskri menningu.

Nú í ágúst kynnti ríkisstjórnin áform sín um að móta atvinnustefnu fyrir Ísland fram til 2035, og óskaði eftir umsögnum frá hagaðilum og almenningi. Við hjá Rithöfundasambandinu brugðumst hratt og vel við og skrifuðum þessa finu umsögn. Við lögðum til að sköpun andlegra og menningarlegra verðmæta ætti að vera á meðal vaxtarbroddanna. Bókmenntir og listir væru löngu orðnar verðmæt útflutningsvara, samkeppnishæf á alþjóðavettvangi, og hinar skapandi greinar byggju yfir ótakmörkuðum vaxtarmöguleikum. Sköpunarkraftur íslenskra listamanna væri ótæmandi auðlind! Þar að auki væru loftslagáhrif greinarinnar hverfandi.

Skemmst er frá því að segja að þessum tillögum var tekið heldur fálega.

Á [kynningarfundum ríkisstjórnarinnar](#) fyrir tíu dögum var varpað upp stílfærðri grafíkmynd af verksmiðjum, togara, fiskeldiskerjum, vindmyllum og gagnaverum. Það eru fjórar manneskur á myndinni, tvær að skoða tilraunaglös, tvær að flaka fisk. Myndin var sennilega teiknuð af gervigreind.

Í máli forsætisráðherra og aðstoðarmanna ríkisstjórnarinnar kom fram að skapandi gervigreind væri framtíðin, hún myndi knýja næstu tæknibyltingu og hreyfa við öllum grunnþáttum atvinnulífsins. Og einn ungur aðstoðarmaður birti lista yfir verðmætustu skráðu fyrirtæki heims, og benti á að þau væru öll tæknirisar, sem þyrftu gagnaver og væru að sækjast eftir endurnýjanlegri raforku. Rödd hans titraði ofurlítið þegar hann sagði að ef bara smáhluti af starfsemi einhvers þessara fyrirtækja kæmi til Íslands, þá væri það mikil búbot.

Sami tónn heyrðist í umfjöllun í síðustu viku um fjárfestingarsjóðinn Visku sjóði. Sjóðurinn ætlar að stíga stærri skref í átt að gervigreind, orkuinnviðum og hrávörum.

Framkvæmdastjórinn sagði í [grein](#) í Viðskiptamogganum í síðustu viku:

Þar sem internetið þurfti fyrst og fremst hugvit, frumkvöðla og fjármagn, krefst gervigreindarbyltingin einnig áþreifanlegra auðlinda. Hún er orku og innviðadrifin bylting. Til að knýja áfram reiknigetu þarf gríðarlega raforku, öflug gagnaver, hálfleiðara, sjaldgæfa málma og traust flutnings- og dreifikerfi.

Fyrir fjárfesta er spurningin einföld: hvernig speglar eignasafnið mitt þessa þróun?

Fyrir okkur hin er spurningin kannski frekar: er þetta framtíðin? Eigum við bara að verða risastórt batterí fyrir hina orkufreku gervigreind?

Ég veit það ekki. Það var áhugavert að blaða í [fjárlagafrumvarpinu](#) á mánudaginn var – fyrir listamenn er fjárlagafrumvarpið svolítið eins og úthlutun listamannalauna, þetta er eitt af stóru happdrættunum sem við spilum í. Og þarna var svo sem ekki mikið að fréttu, annað en að framlög til íslenskrar bókaútgáfu voru skorin niður, framlög til Barnamenningarsjóðs voru skorin niður, framlög til íslenskukennslu fyrir útlendinga voru skorin niður, framlag ríkisins í bókasafnssjóð var skorið niður. Það vantar fjóra til sjö milljarða í rekstur Háskóla Íslands, eina háskólans sem kennir og rannsakar hugvísindi á Íslandi. En það á að byggja viðbyggingu við Þjóðleikhúsið, og stofna einhverskonar gervigreindarmiðstöð, sem á að vinna að framgangi íslenskrar máltækni innan gervigreindarinnar.

Bókasafnssjóður er auðvitað bara sú upphæð sem ríkið ákveður á hverjum tíma að greiða rithöfundum í sárabætur fyrir að bækurnar þeirra séu á bókasöfnum landsins, sem helmingur þjóðarinnar notar. Niðurskurðurinn var svo sem ekki mikill í ár, en frá árinu 2021 hefur fjárhæðin verið skorin niður um næstum helming að raunvirði. Þetta kemur verst niður á barnabókahöfundunum, sem eiga bækurnar sínar á skólabókasöfnunum.

Og rétt að taka fram að bókasöfnin eru ekkert ofhaldin. Sum skólabókasöfnin eru bara ein hilla, og kennarar þurfa að reyna að snapa lánsbækur á samfélagsmiðlunum til að útvega nemendum sínum eitthvað að lesa. Landsbókasafninu og Borgarbókasafninu er lokað yfir sumartímann til að spara peninga.

Afsakið þetta nöldur. En þegar ráðamenn eyða svona ofboðslegum tíma og orku í að hafa áhyggjur af því að krakkar geti ekki lesið sér til gagns, eða að íslenskukunnáttu fari hrakandi, eða slá sér á brjóst á tyllidögum og tala um mikilvægi íslenskrar menningar og íslenskrar tungu, þá verður maður bara svo hissa að sjá þetta.

Og þó, kannski er þetta bara framtíðin.

Fyrir fjárfesta er spurningin einföld:

Er arðbært að halda úti íslenskri menningu?

Skila fjárfestingar í menningu og listum hagnaði?

Er eignasafninu mínu best borgið á íslensku, þessu flókna, montna örmáli, þegar til er stórt og þægilegt alþjóðlegt tungumál eins og enska, sem allir skilja?

Það verður einhver fjármálalæsaari manneskja en ég að svara því, en mér finnst svolítið að ríkisstjórnin hugsi eins og ungi maðurinn sem seldi íbúðina sína til að kaupa bitcoin. Við ætlum að verða rík, svo við höfum efni á því að vera menningarþjóð.

Við erum leidd áfram af heilögum, íslenskum anda.

6. Að hugsa á íslensku

Þegar ég var að læra sagnfræði á síðustu öld lá ég í blöðum og tímaritum frá 19. öld á Landsbókasafninu. Þá þurfti maður að hafa heilmikið fyrir því að lesa þau af míkrofílmum, nú er hægt grúska í þessu öllu á tímarit.is. Það er dáleiddandi gaman að lesa greinar sem landsfeðurnir og góðir, velmeinandi menn voru að skrifa á þessum tíma um framtíð Íslands. Þeir sáu fyrir sér stórkostlegar framfarir í atvinnuvegum til sjávar og sveita, blómgun þjóðlífsins, að íslensk menning og tunga yrðu hafin til vegs og virðingar.

Enginn þessara góðu, framsýnu manna hafði ímyndunarafl til að sjá fyrir sér hvert Ísland eða heimurinn yrði kominn hundrað árum seinna. Og ef einhverjum þessara manna hefði verið skutlað hingað til okkar í dag, og hann fengið yfirborðskennda kynningu á íslensku þjóðfélagi á 21. öld, þá hefði hann látið hugfallast.

Við lifum í martröð þessara velviljuðu, framsýnu nítjándualdarmanna, í alþjóðavæddu borgarsamfélagi, þar sem siðleysi og lausung veður uppi í kynferðismálum, unga kynslóðin

þykist geta ráðið sér sjálf, dregur dár af sér eldra og vitrara fólki og kallar það Boomers, og hvaða tungumál er þetta eiginlega sem þetta fólk þykist tala?

Kann enginn að ríma lengur?

Er forsetinn kona? Og líka forsætisráðherrann? Og biskup Íslands? Og rektor Háskóla Íslands? Og eiginlega allra hinna háskólanna líka?

Þegar hér væri komið sögu, væri þessi góði maður sennilega skriðinn aftur inn í tímavélina sína, stillti hana skjálfhentur aftur á ártalið 1890, og sneri aftur jafn miður sín og tímaferðalangur H.G. Wells úr ferðalagi sínu fram til endaloka lífsins á jörðinni.

En hér erum við nú samt, sæl í þeirri vissu að næstum engin þjóð í veröldinni búi við eins mikla hagsæld, jöfnuð, frelsi og frið og Íslendingar..

Það sem ég vildi sagt hafa, er að við getum ekki dæmt framtíðina, ekki frekar en við getum spáð fyrir um hana. Við getum reynt að berjast fyrir ákveðnum gildum sem okkur þykja siðferðislega góð, samfélagslega skynsamleg og líkleg til að hjálpa mannkyninu að lifa eitthvað áfram á jörðinni, við getum reynt að kenna börnum okkar ákveðin gildi – og svo verðum við bara að vona það besta, leyfa framtíðinni að fara sína leið. Treysta á guð og lukkuna.

*

Þetta er svona það sem ég reyni að segja sjálfri mér. Sigríður, segi ég við sjálfa mig, þú ert ekki dómbær á framtíðina. Og samt get ég ekki afborið að hugsa um hana án ljóða og skáldsagna, án lýðræðis og mannréttinda, án íslenskunnar.

Og allra hinna fallegu tungumálanna sem eru í útrýmingarhættu. Vissuð þið að Norðmenn skilgreina norskuna sem tungumál í útrýmingarhættu? Alveg eins og Frakkar hafa gert við frönskuna. Margar þjóðir hafa sett lög til að vernda tungumálin sín fyrir ágangi enskunnar, til dæmis með því að koma á föstu bókaverði, greiða fyrir bóksölu og styrkja almenningubókasöfnin og rithöfunda.

Ég hef áhyggjur af framtíð íslenskunnar. Ég hef áhyggjur af framtíð mennskunnar – það er mjög auðvelt að vera áhyggjufullur þessa dagana, út af öllu mögulegu. En það þýðir ekkert að gefast upp, flýja inn í tímavélina og stilla aftur á 20. öldina. Við erum ekkert á leiðinni þangað aftur.

Það sem ég óttast einna mest er að við endum í bókasafninu í Babel, þar sem allt er ákveðið af stærðfræðilegum útreikningum, algóritmum, allt er fullkomið, slétt og fellt. Þar er nóg af afþreyingu, við fáum sögurnar sem við ein þráum að heyra, tónlistina sem hentar okkur einum, kvikmyndirnar sem allar enda eins og okkur einum finnst að myndir eigi að enda, og í þessu gyllta þéttriðna búi sitjum við og komumst ekki út. Við verðum vanin af frumlegum hugsunum, vanin af samúð og samfélagslegri meðvitund, vanin af því að deila reynslu og hugmyndum með öðru fólki. Það þurfi enga heri eða leynilögreglu eða ofbeldishrotta til að stjórna okkur, því við verðum hvert og eitt lokuð inni með sjálfum okkur og sjálfhverfum þörfum okkar, gersneydd allri merkingu og mennsku.

Framtíðin kemur, hvort sem okkur líkar betur eða verr. Handritaskrifaranir misstu vinnuna eftir að farið var að prenta bækur, þvottakonurnar sneru sér að öðru þegar þvottavélin kom inn á heimilin. Er það sambærilegt við hinar skapandi greinar? Hvað sjá ráðamenn fyrir sér að fólk vinni við í framtíðinni? Til hvers erum við eiginlega hér? Þurfum við að verða auðkýfingar til að hafa efni á því að skapa list, vinna við hugvísindi?

Það sem ég vona, er að stjórnvöld – bæði hér og annars staðar – átti sig á því að það þarf að berjast fyrir mennskunni. Gervigreindin verður hluti af framtíð okkar, en hún verður lítils virði án hinnar greindarinnar. Það þarf að rækta hana líka. Til þess þarf bókmenntir og listir og skapandi hugsun, alvöru, mannlega sköpun, ófullkomna, erfiða og ögrandi, eitthvað sem neyðir fólk til að tala saman og finna til hvert með öðru. Við þurfum skáld, blaðamenn, þýðendur, myndlistarmenn, tónlistarmenn. Kennara og kvikmyndagerðarmenn, sagnfræðinga, íslenskufraðinga. Fólk verður að geta framfleytt sér við þessi skapandi störf, ekki bara við að skoða tilraunaglös, flaka fisk og þjóna gervigreindinni.

Íslensk menning, eins og öll menning, er grjóthörð atvinnugrein. Hún skilar samfélaginu andlegum og efnahagslegum verðmætum, og ef við ætlum að búa að henni í framtíðinni er ekki nóg að byggja yfir hana hús, það þarf að fjárfesta í fólki.

Það myndi ég kalla heilagan íslenskan anda.

Takk fyrir.